



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24  
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun  
Þóroddur F. Þóroddsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. apríl 2005  
Tilvísun: UST20050300084/bs

### Sjövörn við Hvaleyrarhöfða í Hafnarfirði. Beiðni um umsögn um matsskyldu.

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 8. mars 2005 þar sem óskað er álitis Umhverfisstofnunar á matsskyldu ofangreindrar framkvæmdar. Einnig er vísað til tölvubréfs Verkfræði- og jarðfræðiþjónustunnar Stuðuls þar sem fram koma svör við spurningum Umhverfisstofnunar.

Fyrirhugað framkvæmdarsvæði er innan svæðis nr. 113 á náttúruminjaskrá, Hvaleyrarlón og fjörur Hvaleyrarhöfða. Innan svæðisins eru lífauðugar leirur og malarfjörur og er svæðið mjög þýðingarmikill áningarstaður farfugla, einkum vaðfugla. Auk þess að vera fjölsótt útivistarsvæði.

Ætlunin er að byggja um 700 m langa sjövörn upp við strandbergið og verður útlínum bergsins fylgt eins og kostur er. Aðkoma verður frá Óseyrarbraut um vegfyllingu í Hvaleyrarlóni. Tryggt verður að fyllingin hindri ekki vatnsskipti í lóninu. Frá fyllingunni verður gerður vegur að fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.

Umhverfisstofnun bendir á að við vegalagningu á Hvaleyrargranda er nauðsynlegt að standa þannig að verki að raski á gróðurlendi ofan fjörunnar verði haldið í lágmarki og þannig staðið að vegagerðinni að öðru leyti að unnt sé að afmá ummerki um veg á þessu svæði að verki loknu.

Efni til verksins verður sótt í opna grjótnámu í Kapelluhrauni. Fyrirhugað er að vinna verkið utan þess tíma sem farfuglar nýta það mest. Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að slíkt verði gert til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á fuglalíf. Framkvæmdin hefur ekki bein áhrif á þau svæði sem líklega eru mest nýtt af farfuglum eins og fram kemur í athugun Líffræðistofnunar Háskólans á fuglalífi við Hvaleyri. Í skýrslu Líffræðistofnunar Háskólans um lífríki fjöru á Hvaleyrarhöfða er talið að þær lífverur og sá gróður sem nú er að finna í þeim hluta fjörunnar sem raskað verður við framkvæmdina muni fljótlega nema land að nýju í sjövírninni.

**Fleygun og sprengingar á bergbrún:** Á nokkrum stöðum hefur sjórinn grafið skúta í Hvaleyrarhöfðann og er ráðgert að fleyga eða spengja þau hellisþök sem eru við fyrirhugað framkvæmdasvæði. Ljóst er að slíkar aðgerðir geta haft umtalsverð sjónræn áhrif í för með sér. Eins og fram kemur í svörum Stuðuls er ekki ljóst hversu víða þarf að sprengja í berginu. Ekki kemur fram í kynningarskýrslu hver ásynd höfðans muni verða að sprengingum loknum. Í fyrrnefndu bréfi Stuðuls kemur fram að tilgangur þessara aðgerða sé vegna slyshættu sem


skapast gæti þegar hellispökin hrynja. Umhverfisstofnun vill benda á að væntanlega mun sjóvörnin að miklu leyti stöðva þau ferli sem valdið hafa hellamyndun í Hvaleyrarhöfða þannig að hrun í höfðanum yrðu að sama skapi fátíðari. Með skiltum ofan bjargs og neðan á hættulegum stöðum mætti vekja athygli á hrunhættu og draga á þann hátt úr slyshættu vegna grjóthruns á og við Hvaleyrarhöfða.

**Niðurstaða:** Sú sjóvörn sem fyrirhugað er að byggja við Hvaleyrarhöfða er að mestu leyti með hefðbundnum hætti. Við hönnun hennar hefur verið leitast við að hún liggi sem lægst og verði því eins lítt áberandi og kostur er. Vönduð vinnubrögð ættu að tryggja að ekki yrðu ummerki um framkvæmdir við Hvaleyrarlón og á Hvaleyrartanga að frágangi loknum. Sá þáttur framkvæmdarinnar sem er nýstárlegur er fleygun og sprengingar í þeim tilgangi að brjóta niður þök hella í berginu. Ekki er að fullu ljóst hvaða áhrif þessi aðgerð muni hafa á ásýnd Hvaleyrarhöfða ef af verður, en Umhverfisstofnun telur þó líkur á að hún geti haft í för með sér umtalsverð áhrif á landslag.

Umhverfisstofnun telur að gerð sjóvarnar við Hvaleyrarhöfða ásamt fleygun eða sprengingum á bjargbrún Hvaleyrarhöfða gætu haft umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Áður en leyfi er veitt fyrir framkvæmdinni þarf að leita umsagnar Umhverfisstofnunar samkvæmt 38. gr. laga nr. 4471999 um náttúruvernd.

Virðingarfyllt

  
Björn Stefánsson

Afrit: Hafnarfjarðarbær

  
Helgi Jónsson  
Forstöðumaður